

# 2013 - 2014

## Vorhátíð leikskólans, útskriftarferð og afmæli

25. júní 2014 - Ingibjörg Eyþórsdóttir



Endilega kíkjið á myndirnar af vorhátíðinni, útskriftarferðinni hans Gunnars Bjarma og afmælinu hennar Maggýar

# Dagskrá vordaga

27. maí 2014 - Björgvin Valur Guðmundsson



*Vordagar*

Nú er komið að árlegum vordögum í skólanum, en þá daga reynum við að sinna útiverkum og jafnvel leika okkur eitthvað líka. Dagskrá þeirra eftirfarandi:

## **Miðvikudagur 28. júní:**

Gönguferð um Hafnarnes, gróðursetning og ljóðagerð. Nemendur hafi með sér gott nesti og góða skó. Að sjálfsögðu klæðum við okkur eftir veðri og þess vegna eiga úlpurnar að fá að koma með líka.

## **Fimmtudagur 29. júní:**

Uppstigningardagur og frí. Vúhú!

## **Föstudagur 30. júní:**

Sumarkveðjuvinna, málað á steina og ljóðin plöstuð inn. Bakað verður úti við skólann.

## **Mánudagur 2. júní:**

Óvissuferð. Nemendur hafi með sér staðgott nesti og klæði sig eftir veðri.

## **Þriðjudagur 3. júní:**

Þríþraut, hjólaþrautir, sund og farið með steina út í Nýgræðing. Grill og skólaslit eftir hádegi.

# Vorhátíð

22. maí 2014 - Ingibjörg Eypórsdóttir



# Kynningarmyndbönd um byggingar- og málmiðnað

21. maí 2014 - Björgvin Valur Guðmundsson



Út voru að koma kynningarmyndbönd um byggingar- og málmiðnað. Þeir sem hafa áhuga á þessum greinum ættu endilega að skoða þau en í þeim segir ungt fólk m.a. frá reynslu sinni af þeim störfum sem opnast að iðnnámi loknu.

Það er menntamálaráðuneytið sem gefur út. Myndböndin má skoða á hlekkjunum hér að neðan:

[Smíða.](#)

[Byggja.](#)

[Framleiða.](#)

[Störfin.](#)

# Sundkennslan á vorönn

19. maí 2014 - Jónas E. Ólafsson



# Námsmatið framundan

13. maí 2014 - Jónas E. Ólafsson



Vegna Hollandsferðar færum við námsmatið aðeins til og verður sem hér segir:

[Sjá hér](#)

# Músagildirur og meira dót

09. maí 2014 - Björgvin Valur Guðmundsson



*Músagildra*

Svo skemmtilega vildi til í morgun, að fjórir nemendur luku við litla smíðagripum um leið og kennarinn þeirra var að þvælast með iPad í rassvasanum.

Tveir smíðu nýstarlegar músagildirur á meðan hinir smíðuðu skartgripaskrín og bát.

Til að lokka mús inn í gildruna, er settur ostbiti á annan naglann sem er fremst á gildrunni og beikonsneið á hinn. Þegar músin kemur svo gangandi upp á viðarkubbinn, sér hún ost og beikon og þar sem mús þjást af valkvíða, horfir hún til skiptis á bitana og segir í sífellu: "Ostur? Beikon? Ostur? Beikon?"

Um leið nuddar hún hálsinum eftir járnsgarblaðinu og við vitum öll hvernig það endar.

Ef þú smellir á hlekkinn hér að neðan, sérðu þessa smíði barnanna.

[Smíði](#)

# Ruslaganga

05. maí 2014 - Sólrún Friðriksdóttir



Síðastliðinn miðvikudag fór Solla með nemendur af yngsta stigi, í gönguferð, í heimilisfræðitíma. Sólrún og krakkarnir í 7. og 8. bekk ákváðu að hvíla sig á málfræðinni og slógust í hópinn. Slatti af plastpokum var með í för enda tilgangurinn að tína rusl, í tengslum við að þau höfðu verið að fjalla um rusl og endurvinnslu í heimilisfræðinni. Haldið var sem leið lá í Sætúnsfjöruna. Fjaran sjálf virkaði bara ansi hrein og fín en þegar betur var að gáð leyndust þar sælgætisbréf, plast og ýmislegt rusl milli steinanna. Því næst var farið að frystihúsinu, í garðinn við Skuld og uppfyrir Samkomuhús og bættist sífellt í pokana. Þegar komið var í skólann voru ruslapokarnir viktaðir. Í ruslatunnuna fóru heil 8 kíló af rusli en dósir og flöskur fóru hins vegar í söfnun ferðahópsins. Alveg ágætis afrakstur af u.þ.b. klukkutíma göngu í góða veðrinu.

# Vorboðar

30. apríl 2014 - Björgvin Valur Guðmundsson



*Vorið við Túngötu*

Miðstigið fór í gönguferð í náttúrufræðitíma með það fyrir augum að finna merki um vorið sem ku vera komið.

Þau höfðu með sér myndavél til að festa sönnunargögnin á minniskort og afraksturinn má sjá í þessum ýkt flottu myndum í gallerínu sem vísað er til ér fyrir neðan. Spurt er: Fundu þau vorið?

[Vorboðar 2014](#)



# Lestraráskorun - yndislestur

10. apríl 2014 - Jónas E. Ólafsson



Eins og áður hefur komið fram, hafa nemendur hér tekið þátt í lestraráskorun. Þar er um að ræða yndislestur í skólanum (í 20 mín á hverjum degi) og heima fyrir eins og hver getur. Nemendur sprengdu öll viðmið og höfum við átt í fullu fangi með að veita viðurkenningar. Þær eru fjórar.

Fyrst var súkkulaðikaka á hópinn (afgreitt), svo "bíó og popp" (afgreitt), síðan útsofelsi í 2x40 mín. einhvern daginn (óafgreitt) og að síðustu hlaðborð á veitingastað (óafgreitt).

Lokaviðmiðið var 6.000 bls., en nemendur gerðu gott betur og lásu 6.546 bls. á þessum tíma.

[Hér má sjá nemendur innbyrða 2. viðurkenninguna \(bíó og popp\).](#)

# Keppnisdagar 2014

31. mars 2014 - Björgvin Valur Guðmundsson



*Fumlausir Rauðir hundar.*

Hinir árlegu keppnisdagar fóru fram á þriðjudag og miðvikudag í síðustu viku. Að vanda var mikill handgangur í öskjunni því sköpunargleði og keppnisskap svifu yfir vötnum.

Kept var í þrautalausnum, myndlist, tónlist, smíði, íslensku, landafræði, ratleik og útsvari. Sigurvegarar urðu Rauðu hundararnir en ekki var gefið upp hvaða sæti hin liðin þrjú hrepptu. Þau hétu Svörtu durgarnir, Skyrturnar og Ég veit ekki.

Lokaatriði keppnisdaga var hæfileikakeppni þar sem liðin skyldu flytja sína túlkun af Mjallhvíti og dvergum en þar báru Skyrturnar sigur úr bítum. Mjótt hlýtur þó að hafa verið á munum, því öll liðin voru með prýðilegar útgáfur af þessu klassíska ævintýri og var góður rómur gerður að flutningi þeirra.

[Hérna má sjá myndir frá þessum bráðskemmtilegu dögum.](#)

## Náttúrfræðitilraunir 7. og 8. b.

19. mars 2014 - Guðrún Ármansdóttir



*Uppfinningamenn*

Nemendur í 7. og 8. bekk komu með tilraunir í náttúrufræðitíma, sýndu samnemendum sínum og útskýrðu þær. Nemendur fundu sjálfir tilraunirnar, sáu um framkvæmdina og allan undirbúninginn. [Hér](#) má sjá nokkrar myndir úr tímanum.

## Ræðunámskeið

14. mars 2014 - Jónas E. Ólafsson



*Áhugasamir nemendur.*

Í morgun fór fram fræðsla í ræðumennsku á vegum Ungmenna- og Íþróttasambands Austurlands. U.Í.A. hefur undanfarin ár boðið upp á námskeið sem kallast „Losað um málbeinið" og er þetta einkonar farandnámskeið í ræðumennsku. Markmið námskeiðsins er að kenna unglingum á Austurlandi undirstöðuatriði í ræðumennsku og búa þá undir og

hvetja til þátttöku í ýmis konar félagsmálum. Á námskeiðunum fá þátttakendur fræðslu um hvað hafa beri í huga þegar talað er fyrir framan hóp við ólík tækifæri.

Kennari var Stefán Bogi Sveinsson. Á þessu námskeiði voru nemendur á unglíngastigi frá Breiðdalsvík og Stöðvarfirði.

## Sköpunarmiðstöðin

10. mars 2014 - Jóna Petra Magnúsdóttir



*Leikföng Stubbasmíðjunnar*

Nemendur yngsta stigs fóru í heimsókn í Sköpunarmiðstöðina á dögnum. Þar tóku þau Rósa og Zdenek á mótí okkur. Nemendur fengu að skoða nýju framleiðsluna hjá Stubbasmíðjunni og verkstæðið þar sem leikföngin eru gerð. Skemmtileg heimsókn og takk fyrir okkur.

# Öskudagurinn

05. mars 2014 - Jónas E. Ólafsson



*Axel er flottur.*

Öskudagurinn var skv. venju hjá okkur í Stöðvarfjarðarskóla. Allir mættu í skólann í ýmsum gervum. Nemendur voru í tímum til kl. 10, en þá var haldið í íþróttahúsið og gengið til dagskrár. Þar var farið í ýmsar þrautir og endað á því að slá köttinn úr tunnunni. Tunnugóðgætið kom frá Landsbankanum, Landatanga, Brekkunni og HSA. Takk fyrir það. Að lokum fóru allir í mat í Brekkunni og var þar boðið upp á pylsur (pulsur). Nú er komið vetrarfrí í grunnskólanum og mæting aftur mánudaginn 10. mars. Starfsdagur verður í leikskólanum n.k. föstudag og hann því lokaður þá. [Sjá myndir.](#)

# Janúar og febrúar

04. mars 2014 - Ingibjörg Eyþórsdóttir



*Fúsi flakkari*

Í febrúar fjölgaði á leikskólanum hjá okkur, þá byrjaði hún Ronja Mist og bjóðum við hana velkomna til okkar. Við höldum upp á bóndadaginn með rjómapönnukökum fyrir karlmenn skólans en að sjálfsgöðu fékk kvenfólkið líka að smakka. Börnin komu með með gamla hluti að heiman til þess að sýna okkur. Dagur leikskólans var 6. febrúar þá var opið hús og kom fullt af fólki og alltaf sérstaklega gaman að fá gamla nemendur í heimsókn. Viktoria var aðstoðarmaður slökkviliðsins í febrúar, þá er tékkað á neyðarljósum hvort þau séu logandi, hvort slökkvitæki séu á sínum stað ofl. Við fengum í heimsókn bangsa sem heitir Fúsi flakkari. Hann er frá Akranesi og að sjálfsgöðu tók hann þátt í ýmsu skemmtilegu með okkur meðal annars þæjudeginum og svo fékk hann að fara með í gönguferð, en alltaf á mánudögum er farið í gönguferðir. Við erum með þemavinnu um náttúruna og erum búin að fjalla um vatnið og erum núna með " það sem vex" settum niður hvítlauksrif og búmm..... það eru komin lauf sem við fáum okkur af og til að smakka á nammmmm. En endilega kíkjið á myndirnar sem eru til vitnis um þessi viðfangsefni og segja meira en mörg orð.

# Amerískar pönnukökur Bjarnarbófa

20. febrúar 2014 - Solveig Friðriksdóttir



Í dag varð fyrir valinu hjá Miðstigi að baka úr kökubók Disney. Amerískar pönnukökur Bjarnarbófa var verkefni dagsins. Annar hópurinn gerði grunnuppskriftina en hinn bætti við 200gr. af blá og krækiberjum sem nemendur tíndu á haustdögum.

Að baka svona smáar pönnur og ná að snúa þeim við án þess að þær lendi út og suður er fínasta æfing í fínhreyfingum. Allt gekk að mestu áfallalaust utan við blöðru á einn putta sem rakst í heita pönnuna.

Að sjálfsgöðu voru þær svo snæddar með sýrópi og tilheyrandi. [Hérna](#) eru fleiri myndir.

## VA í heimsókn

14. febrúar 2014 - Björgvin Valur Guðmundsson



Nemendur úr Verkmenntaskóla Austurlands heimsóttu Stöðvarfjarðarskóla í dag og tóku völdin af starfsfólki skólans um leið og þeir komu.

Gestirnir drifu heimakrakkana með sér í allskyns leiki og fræddu þá um skólann sinn. Í íþróttahúsinu var aldeilis handagangur í öskjunni [hérna eru aksjómyndir](#) þaðan.

## Brauðbangsar

12. febrúar 2014 - Solveig Friðriksdóttir



*Brauðbangsi í vinnslu*

Enn er brallað í heimilisfræðinni og í dag spreyttu nemendur sig á Yngsta stigi í að gera brauðbanga. Afraksturinn fór heim en [hér sjást myndir](#) af vinnunni og tilbúnum "böngsum" af ýmsum stærðum og gerðum.

## Dagur leikskólans

07. febrúar 2014 - Jónas E. Ólafsson



Dagur leikskólans var haldinn um allt land fimmtudaginn 6. febrúar. Ýmislegt var gert á þessum degi og ákváðu þær Inga og Sara að hafa opinn dag á milli kl. 10.30 - 12.00.



Var öllum boðið að koma í heimsókn og þiggja veitingar. Góð mæting var af hálfu íbúa. Fyrrum leikskólanemendur fannst sérstaklega skemmtilegt að komast í gamla dótið sitt. Eins var mikið hlegið yfir myndum úr albúmunum. Þótti þessi dagur takast sérstaklega vel.

[Sjá fleiri myndir.](#)

## Lína langsokkur

29. janúar 2014 - Solveig Friðriksdóttir



*Lína langsokkur*

## Kleinubakstur ferðahópsins

27. janúar 2014 - Jónas E. Ólafsson



*Upprennandi bakarar*

Síðastliðinn laugardag mættu foreldrar og nemendur úr 8.-9. bekk og steiktu kleinur. Allir mættu hressir kl. 9 og voru að til kl. 14. Seldust allar kleinurnar, í kringum 80 þokar. Krakkarnir sex eru á leið til Hollands og Frakklands um mánaðarmótin maí/júní og eru með

allar klær úti við fjársöfnun. Stöðfirðinar hafa reynst þeim afskaplega vel í þessum efnum og erum við mjög þakklát fyrir það. [Hér má sjá fleiri myndir.](#)

## Bóndadagurinn

27. janúar 2014 - Jónas E. Ólafsson



Öllum á óvörum, var karlpeningi skólans boðið sérstaklega upp á pönnukökur. Tílefnið var bóndadagurinn. Leikskólinn með þær Ingu og Söru í fararbroddi, lögðu á sig að baka ofan í liðið. Að sjálfsögðu fékk kvenpeningurinn líka að taka þátt í herlegheitunum. Leikskólabörnin fóru í stofurnar og buðu til veislunnar. Voru allir ánægðir með þetta framtak. [Sjá myndir.](#)

## Desember 2013

16. janúar 2014 - Ingibjörg Eypórsdóttir



Í desember brjótum við upp hið hefðbundna starf og gerum ýmislegt annað. Við bjuggum til aðventudagatal sem opnað var á hverjum degi og þá kom í ljós hvað gert skyldi þann daginn.

Það voru 2 afmæli í mánuðinum, Gunnar Bjarmi varð 5 ára og Tristan Blær varð 3 ára.

Það var bókunardagur og þá bökudum við haframjölaskökur sem voru svo boðnar gestum sem komu til okkar á kertadaginn, það er að segja séra Gunnlaugur kom að segja frá fæðingu Jesú og þá buðum við yngsta stigi grunnskólans að koma og vera með okkur. Við brugðum okkur á kaffihús og fengum okkur súkkulaði og vöflur. Svo voru litlujólin með öllum þeim spenningi sem þeim fylgir þ.e. að fá jólasveinana í heimsókn. Endilega skoðið myndirnar á leikskólasíðunni.

## Loksins eitthvað að gerast

14. janúar 2014 - Jónas E. Ólafsson



*Þrír Fáskrúðsfirðingar*

Ágætu lesendur! Eins og sést hefur lítið komið af fréttum á síðuna. Það er eingöngu ein ástæða fyrir því. Leti. Við ætlum að bæta úr þessu í framtíðinni. Við fengum 3 nemendur til að setja afmælisdaga nemenda og starfsfólks í viðburðadagatalið hér til hliðar. Vitum ekki hvort, þeir sem eldri eru séu ánægðir með það. Það sem er næst á döfinni hjá okkur er m.a.:

- Þessa vikuna er námsmat á fullu
- Leikskólabörnin að vinna með þemað "Náttúran"
- Íþróttadagur Fjarðabyggðar í lok janúar (haldinn á Stöðvarfirði þetta árið)
- Heimsókn nemenda VA til okkar í byrjun febrúar (kynning og sprell)
- Málþing um ungmennamenningu 8. febr. (haldið á Nesk.)

Svo eru að detta inn kannanir ýmis konar s.s.

- Foreldrakönnun Skólavogarinnar (allir foreldrar grunnskólabarna)

- Ungt fólk 2014 - Hagir og líðan (8. - 10.b.)
- Alþjóðleg könnun frá HA (6., 8., 10.b.)

Nóg að gera framundan.

## Jólaundirbúningur

12. desember 2013 - Solveig Friðriksdóttir



*Kökuskreyting*

Það er að mörgu að hyggja í jólaundirbúningi. Í heimilisfræði hafa nemendur á Yngsta- og Miðstigi undirbúið komu jólanna.

Þau föndruðu fyrst jólaskraut úr trölladeigi sem þau máluðu og skreyttu. Síðan voru bakaðar pipar- og myndakökur sem skreyttar voru nú í vikunni. Kökurnar verða bornar fram á Litlu jólunum skólans í næstu viku.

Í gær kom Gunnar Bjarmi í heimsókn af leikskóladeildinni og hjálpaði Yngsta stigi að skreyta kökurnar sem krakkarnir þar höfðu bakað.

Það skein mikil einbeiting úr andlitum allra þeirra sem komu að skreytingunni og mikið spjallað og sungið. [Hér sjáið þið dugnaðarforkana og hluta af listaverkunum.](#)

# Nóvember 2013

26. nóvember 2013 - Ingibjörg Eyþórsdóttir



Á leikskólanum höfum við gert margt skemmtilegt í nóvember.

Við tókum þátt í verkefninu JÓL Í SKÓKASSA. Börnin og starfsfólkið komu með ýmislegt sem sett var í kassa og fer til fátækra barna í Úkraínu. Við vorum með umferðaviku og að henni lokinni komu löggan og Lúlli löggubangsi í heimsókn. Það var púkadagur í tilefni af dögum myrkurs og þessi litli snjór sem kom var nýttur til þess að búa til snjókarla. [Skoðið myndirnar](#) af þessum viðburðum.

## Frá árshátíðinni

15. nóvember 2013 - Björgvin Valur Guðmundsson



Leikritið Afdalalíf var sýnt á árshátíð Stöðvarfjarðarskóla í gærkvöldi.

Fyrir þá sem ekki komust, fer það hér á eftir í sex hlutum.

## Árshátíðin er í kvöld

14. nóvember 2013 - Björgvin Valur Guðmundsson



Árshátíð Stöðvarfjarðarskóla er í kvöld, fimmtudaginn 14. nóvember og hefst hún klukkan 18:00.

Aðgangseyrir er 1000 krónur fyrir fullorðna og 500 krónur fyrir grunnskólabörn. Allur ágóði rennur til ferðahóps grunnskólabarna.

## Árshátíðin

12. nóvember 2013 - Jónas E. Ólafsson



*Tala fest á frakkann*

Árshátíð Stöðvarfjarðarskóla verður haldin 14. nóvember kl. 18.00, en þá verður leikritið Afdalalíf frumsýnt. Þar koma fram útilegumenn, íslenskir kotbændur, danskur spjátrungur, Tyrkjaránið og fleiri. Leikskólabörnin byrja á því að syngja eitt lag. Allir nemendur grunnskólans fara með hlutverk og allir starfsmenn hafa komið að undirbúningi. Það er mikið í lagt og við hvetjum að sjálfsögðu sem flesta til að koma og skemmta sér með okkur. Aðgangseyrir er 1.000 krónur fyrir fullorðna og 500 krónur fyrir grunnskólanemendur.

Innifalið í verðinu eru veitingar sem börnin í ferðahópnum og foreldrar þeirra töfra fram af alkunnri snilld. Allir velkomnir.

## Árshátíðin verður 14. nóvember.

04. nóvember 2013 - Jónas E. Ólafsson



*Yngstu nemendurnir æfa söngatriði*

Árshátíð skólans verður fimmtudaginn 14. nóvember í stað 7. nóv. (eins og stendur í skóladagatali). Ástæðan er að á sama tíma verður Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar með sína hátíð og því færum við okkar um viku. Nú frumsýnum við leikverkið "Afdalalíf", eftir Björgvin Val Guðmundsson og taka allir nemendur virkan þátt í því. Leikur og tónlist. Þessa dagana er leiklestur á fullu, söngatriði æfð og unnið með leikmyndina. Nánar auglýst síðar. [Hér má sjá nokkrar myndir.](#)

## Nemendaráð

04. nóvember 2013 - Jónas E. Ólafsson



*Múslurnar og Jóna Petra á fundi*

Fyrsti fundur hjá Nemendaráði skólans. Þær ætla að starfa saman og án formanns. Þær fullyrða að samstarfið verði gott og samstillt. Vinnuheiti ráðsins er, Múslurnar. Jóna Petra verður þeim til halds og trausts í vetur. Þær er uppfullar af hugmyndum og megum við hin búast við ýmsum upppákomum síðar í vetur. Múslurnar eru: Arney Hildur, Bergþóra Ósk og Hanna Líf.



## Forsetaheimsókn

22. október 2013 - Björgvin Valur Guðmundsson



*Sungið fyrir forsetann*

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson og eiginkona hans Dorrit Moussaieff heimsóttu Stöðvarfjarðarskóla í dag.

Nemendur og skólustjóri tóku á móti þeim fyrir utan skólann og að því loknu var stutt skemmtidagskrá sem lauk með því að forsetinn talaði á léttu nótunum við börnin.

Myndir segja milljón orð; [hérna eru nokkrar sem teknar voru í dag.](#)

## Afmæli

21. október 2013 - Ingibjörg Eypórsdóttir



## Bleikur dagur og gleðistund

08. október 2013 - Björgvin Valur Guðmundsson



Í dag var bleikur dagur í Stöðvarfjarðarskóla. Tilfnið var að sjálfsgöðu árverknis- og fjáröflunardagur Krabbameinsfélags Íslands vegna krabbameins hjá konum.

Nemendur og starfsfólk mættu klædd í bleika flík (flíkur í sumum tilfellum) eða með eitthvað bleikt dinglandi utan á sér.

En það var líka gleðistund í skólanum í dag. Þá er t.d. er málað, lesið, leirað, spilað, pússlað eða eitthvað annað það gert sem brýtur upp hefðbundna kennslu. Gleðistundir verða svo með reglulegu millibili í vetur, öllum vonandi til taumlausrar gleði. Viljir þú sjá fleiri myndir frá þessum bleika gleðidegi, væri ekki viltast að [smella akkúrt hérna](#).

## Frímínútur

04. október 2013 - Jónas E. Ólafsson



*Börn að leik.*

Nokkrar myndir af yngstu nemendum í frímínútinum. Þeim finnst gott að vera á leiksvæði leikskólans. Einn nemandi úr "Ferðahópnum" er alltaf með og stjórnar leikjum. Þarna fylgist Eyþór ábúðarfullur með og tekur fullan þátt. Ánægjan skín úr andlitum þeirra eins og sjá má [hér](#).

## Nemendur að þreyta samræmt könnunarpróf

26. september 2013 - Jónas E. Ólafsson



## Starfsdagur - frídagur nemenda.

12. september 2013 - Jónas E. Ólafsson

Starfsfólk verður á faraldsfæti föstudaginn 13. sept. Sumir verða á Egilsstöðum, aðrir á Reyðarfirði og enn aðrir á Breiðdalsvík. Allir að sækja námskeið í tengslum við sitt starf.

# Sesambollur

11. september 2013 - Solveig Friðriksdóttir



*Bakarar í 1. bekk*

Í morgun bakaði fyrsti bekkur í fyrsta sinn í heimilisfræðinni. Krakkarnir bökuðu sesambollur og mældu, hnoðuðu og mótuðu af hjartans list. Í lok tímans gæddu þau sér á góðgætinu og færðu starfsfólki bollur til að smakka. Það var samdóma álit bekkjarins að þetta væru sko bestu bollur sem bakaðar hefðu verið í skólanum. Hér á myndinni sjáið þið flottu bakarana.

# Votaberg og Steðjatjarnir

04. september 2013 - Björgvin Valur Guðmundsson



*Friðrik Júlíus með Atlantshafið í baksýn.*

Nemendur á Elsta stigi gengu upp að Votabergi í morgun og skunduðu þaðan yfir í Steðjatjarnir. Veðrið hefði ekki getað verið betra og berin ekki fleiri á leiðinni.

Útsýnið var mikið, eins og við er að búast þegar gengið er á fjöll í góðu veðri og okkur datt í hug að leyfa þér að njóta þess með okkur. Það getur þú gert með því að [smella akkúrat hérna](#).

## Útivistardagur

03. september 2013 - Jónas E. Ólafsson



*Gengið um Gvöndarnes...*

Miðvikudaginn 4. september reima nemendur og starfsfólk grunnskólans á sig gönguskóna og halda til óbyggða. Yngri nemendur fara upp að Rjúpnabotnum og Bárðarpyttum. Eldri nemendur fara upp að Votabergi.

Nemendur þurfa að muna eftir góðu nesti og góðum skóm. Einnig þurfa þeir að klæða sig eftir veðri, því þótt dagurinn verði sólríkur er lofthiti ekki hár.

Nemendur mæta í fyrsta tíma í skólanum og svo verður lagt af stað um kl. 9. Reiknað er með að allir verði komnir aftur í skólann um kl. 12.

# Sundkennsla á haustönn

26. ágúst 2013 - Jónas E. Ólafsson



*Sundnemendur í stuði.*

Kennt verður í 11 daga, fram að lokun. Vetrarlokun sundlaugarinnar er 15. sept.

Dagarnir eru: 27. - 29. ágúst, 2. - 5. sept. og 9. - 12. sept. (aldrei á föstud).

Tímasetningin er:

Yngsta stig kl. 12.40-13.20

Miðstig kl. 13.20-14.00

Elsta stig kl. 14.00-14.40.

# Innkaupalisti

19. ágúst 2013 - Jónas E. Ólafsson

## **Yngsta stig: (1.-2.b.)**

Pennaveski

Blýantar

Strokleður

Litir

Yddari

Teygjumappa fyrir laus blöð

2 plastmöppur fyrir götuð blöð

1 reikningsbók

1 stílabók

## **Miðstig: (3.-6.b.)**

Blýantur, helst vandaður af gömlu gerðinni.

Tunnuyddari.

Strokleður.

Stílabækur af stærðinni A4 og þannig gerðar að hægt sé að taka úr þeim blöð. Nemendur ráða hvort þeir hafi eina bók fyrir hvert fag, eða noti möppu þar sem A4 blöð eru geymd eftir að þeir hafa skrifað á þau. Það er best fyrir skipulagið að geyma blöðin í möppu með milliblöðum og nota þá annað hvort stílabókarblöð eða laus blöð. Athugið að það kann að vera nauðsynlegt að kaupa fleiri en eina möppu fyrir veturinn verði mikið skrifað í einstaka fögum.

Rúðubók fyrir stærðfræði.

Vasareiknir.

Plastmöppu.

**Elsta stig: (7.-10.b.)**

Pennaveski með blýöntum/blýpenna, penna, yddara, strokleðri, reglustiku og gráðuboga.

Límstifti (og skæri)

Trélitir og tússlitir

Harðspjaldamappa með milliblöðum

Línustrikuð blöð

2 A-4 gorma-stílabækur

3 plastmöppur fyrir laus blöð

Reikningsbók stærð A4

Vasareiknir

Stílabók með engum línum eða litla teikniblokk

Með bestu kveðju og tilhlökkun,

starfsfólk Stöðvarfjarðarskóla



# Skólabyrjun og sundkennsla

13. ágúst 2013 - Jónas E. Ólafsson



*Slakað á í pottinum s.l. vor.*

Allir nemendur mæta kl. 10:00 mánudaginn 26. ágúst. Mötuneytið tekur til starfa þriðjudaginn 27. ágúst. Skráning og upplýsingar í síma 475-9030.

Sundkennsla hefst þriðjudaginn 27. ágúst og stendur yfir í 11 daga (sjá skóladagatal).